



Reykjavík 22. mars 2023

Til: Eigendavettvangs Strætó bs

Frá: Stjórn Strætó bs.

Efni: Útboðsfyrirkomulag vegna akstursútboðs sem tekur gildi í ágúst 2024.

Tillaga:

Lagt er til að eigendavettvangur Strætó bs. samþykki fyrir sitt leyti beiðni stjórnar Strætó bs. um endurútboð á akstri almenningsvagna til átta ára með heimild til framlengingar í tvö ár. Strætó bs. verði þá falið að senda tillöguna til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Um er að ræða útboð á sama hluta aksturs Strætó bs., að teknu tilliti til breytinga á leiðakerfi, og nú þegar er boðinn út. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi minnisblaðs frá Mannviti, dagsett 16. mars 2023, sem útlistar fyrirkomulag útboðs.

Greinargerð:

Í útboðinu er miðað við að allt að þrír aðilar geti annast aksturinn og er akstursmagninu því skipt upp í 3 sambærilega stærðarhluta. Verði einunigs eitt tilboð gilt verður heimilt að semja við þann aðila. Forsendur fyrir vali á akstursaðila verði hagkvæmasta tilboð á grundvelli lægsta verðs í hvern útboðshluta. Gert er ráð fyrir því að orkuskipti komi inn í áföngum en verði að fullu komin til framkvæmda á árinu 2027. Gert er ráð fyrir að akstur sem hér er um að ræða útboð á verði a.m.k. að helmingi á rafmagnsvögnum frá 15. ágúst 2026. Allur akstur skal fara fram á rafmagnsvögnum frá 15. ágúst 2027, en þó má nota díselvagna sem varavagna fram til 15. ágúst 2029. Áætlaður fjöldi vagna er á bilinu 69 til 88 vagnar og aksturmagn á bilinu 290 þús. – 348 þús. klst. Innleiðing Nýs leiðanets hefur áhrif á aukningu í fjölda vagna og klst. eftir því sem líður á samningstímann og gert er ráð fyrir að vagnafjöldi og akstursmagn aukist á tímabilinu. Þar sem um er að ræða dýrari upphafsjárffestingu (rafvagnar) er lagt til að samningstími geti verið allt að 10 ár. Um verður að ræða almennt opið útboð.

Núverandi samningar um aðkeyptan akstur vegna almenningsvagna renna út 13. ágúst 2024.

Fyrir hönd Strætó bs.

Jóhannes Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó.